

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

29. gr.

Nú hefur verið ákveðið að útrýma næmum sauðfjársjúkdómi, og skulu þá gilda, þar sem ákvæði þessara laga ná ekki til og eftir því sem við á, ákvæði laga frá 1941 um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

30. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverjar þær ráðstafanir, er hann álitur nauðsynlegar til þess að hindra útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýma þeim.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Ákvæði II.—V. kafla um fjárskipti vegna mæðiveiki koma fyrst til framkvæmda á svæðum þeim, sem eru á jöðrum hinna sýktu héraða á hverjum tíma.

Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um eyðingu svartbaks.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða eina krónu fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjölllu) eða fleygs svartbaksunga, annarra en þeirra, sem drepnir eru með eitri.

Sá, er drepið hefur svartbak eða fleygan svartbaksunga, skal sanna það fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra með því að afhenda hægri væng fuglsins, vilji hann hljóta verðlaun fyrir samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

2. gr.

Umráðendur æðarvarps skulu á vorin eitru fyrir svartbak í varplöndunum, eftir nánari fyrirmælum, sem dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð.

3. gr.

89

Bannað er að hagnýta á nokkurn hátt svartbaka, sem finnast dauðir, og skulu þeir grafnir tafarlaust þar, sem þeir finnast.

Brot gegn ákvæðum 2. og 3. gr. varða 100—1000 kr. sektum.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður, en sýsla, sem svartbakur er drepinn í, skal endurgjalda ríkissjóði 25% af launinum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekju hafa, greiða ríkissjóði eina krónu fyrir hvert hreinsað kg æðardúns, er þeim fellur næstu fimm ár eftir gildistöku laga þessara, og skiptist sú upphæð milli ríkissjóðs og sýslu í réttu hlutfalli við þátttöku þessara aðila í kostnaðinum.

5. gr.

Sá, er með skotum vill eyða svartbaki eða fleygum svartbaksungum, má gera það hvar sem er. Þó eigi í friðlýstum varplöndum eða innan tveggja km frá þeim. Eigi heldur nálægt friðlýstum selalátrum eða á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

Ef menn ætla að drepa svartbak eða fleyga svartbaksunga í ábýlislandi annars manns, skal ábúanda tilkynnt það, og honum gefinn kostur á að fylgjast með veiðinni.

6. gr.

Skylt er hverjum búanda að eyða öllum eggjum svartbaks eða ófleygum svartbaksungum í ábýlislandi sínu, og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir, ef þess er kostur. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína, varðar það sektum frá 50—1000 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

7. gr.

Meðan lög þessi gilda, frestast framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

90

um veiting ríkisborgararéttar.

9. júlí

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Victor Strange, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Baarregaard, Alfred Jörgen, tannlæknir á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
3. Bremnes, Johan Jörgensen, bóndi að Búlandsnesi í S.-Múlasýslu, fæddur í Noregi.